

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulagsbreyting, Mosaskyggirnir 4, 5 og 6 í landi Úthlíðar 1.*
Breytingin felur í sér að afmörkun allra lóðanna breytist. Breyting er á stærð tveggja lóðanna, annars vegar minnkar Mosaskyggirnir 4 úr 13.430,9 m² í 12.809,2 m² og hins vegar stækkar Mosaskyggirnir 5 úr 10.746,7 m² í 11.869,7 m². Stærð lóðarinnar Mosaskyggirnir 6 breytist ekki. Byggingarreitir lóðanna eru næst lóðamörkum 10 m og byggingarmagn á lóð skal ekki vera umfram leyfilegt nýtingarhlutfall, sem er 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. nóvember 2017.
2. *Deiliskipulag, Borgarás í landi Litla-Fljóts, 6 lögbylislóðir.*
Skipulagið nær yfir 15,5 ha landsvæði úr landi Litla-Fljóts. Skipulagðar eru 6 lögbylislóðir. Á hverri lóð má byggja allt að 250 m² íbúðahús á einni hæð með möguleika á kjallara að hámarki 1/3 af gólfleti, ef aðstæður í landi leyfa. Hámarkshæð húss er 5 m miðað við endanlega hæð aðalgólfs. Einnig er heimilað að byggja allt að 60 m² bílskúr, allt að 30 m² gestahús, allt að 250 m² skemmu/útihús og allt að 40 m² gróðurhús/gróðurskála.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. desember 2017.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. desember 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2017